


Alþingi
Erindi nr. Þ 131/581
komudagur 9.12.2004



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Alþingi
Heilbrigðis- og trygginganefnd
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 6. desember 2004
Tilvísun: 2004110608 ÞS/--

Persónuvernd vísar til bréfs heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis, dags. 22. nóvember 2004, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um nýtingu stofnfrumna úr fósturvísunum til rannsókna og lækninga. Efni tillögunnar er að Alþingi álykti að fela heilbrigðisráðherra að skipa nefnd sem geri úttekt á kostum þess og göllum út frá læknisfræðilegu, siðfræðilegu og trúarlegu sjónarmiði að heimila nýtingu stofnfrumna úr fósturvísunum manna til rannsókna og lækninga á alvarlegum sjúkdómum.

Af þessu tilefni bendir Persónuvernd á að við rannsóknir á fósturvísunum kann að fást vitneskja um atriði sem varpað geta ljósi á heilsuhagi þeirra sem fósturvísarnir eru fengnir úr, sem og ættingja þeirra, s.s. erfðafræðilega þætti. Verði af umræddri nýtingu fósturvísa til rannsókna og lækninga þarf því að tryggja viðhlítandi vernd slíkra persónuupplýsinga.

Fram kemur í athugasemdum með þingsályktunartillögunni að um það hefur verið rætt hvort fósturvísar hafi siðferðilega stöðu á við manneskjur. Í tengslum við þetta siðfræðilega álitaefni bendir Persónuvernd á þá meginreglu um rétt hæfi manna, þ.e. réttinn til að eiga réttindi og bera skyldur, að það hefist við fæðingu og að því lýkur við andlát. Undantekningar á því byggjast almennt á því að þær hafi verið lögfestar sérstaklega, sbr. t.d. 216. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um vernd fósturs; 8. gr. erfðalaga nr. 8/1962 um að barn, sem getið er áður en arfleifandi fellur frá, taki arf eftir hann fæðist það lifandi; og 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga um að upplýsingar um látna menn njóti verndar sem persónuupplýsingar.

Virðingarfyllt
f.h. forstjóra Persónuverndar